


# - LÖGREGLU - MAÐURINN

2. tbl. - 2012

- LÖGREGLU -
# MAÐURINN
2. tölublað - 28. árgangur 2012 - 74. blað



Ritstjóri:
Steinar Adolfsson



Ábyrgðarmaður:
Snorri Magnússon
formaður LL



Starfsmenn LL:

Guðlaug Hreinsdóttir
skrifstofustjóri

Prófórk:
Atli Steinn Guðmundsson

Forsíðumynd:
Júlíus Sigurjónsson

Teikning á bls. 2:
Logi Jes Kristjánsson

Lögreglumaðurinn
er gefinn út af Landssambandi
lögreglumanna

Netfang ll@bsrb.is
www.logreglumenn.is






## Efnisyfirlit...

Hvað gerðist og hvað fór úrskeiðis? 4

Sumarferð Lífeyrisþega LL 17

Stefanía lætur af störfum 19

Íþróttir 20

## Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundi. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungs veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.

# Formannshornið

## 22. júlí 2011



Þann 22. júlí 2011 vaknaði norskt samfélag harkalega upp af annars nokkuð værum blundi. Blundi sem einkennst hafði af, að því að talið var, bara annars ágætis hlutum. Öryggi almennings var talið tryggt, lögreglan var talin (af stjórnvöldum og fjárveitingavaldinu norska) nokkuð vel í stakk búin til að eiga við verkefni sín og þar fram eftir götunum.

Þann 13. ágúst 2012 var gerð opinber skýrsla 22. júlí nefndarinnar norsku, sem falið hafði verið það hlutverk að rýna í hvað gerðist þann 22. júlí 2011; hvað fór vel og hvað fór úrskeiðis hvers vegna og hvar ábyrgðin lægi.

Það er verulega alvarleg lesning það sem fram kemur í skýrslunni og heilmörg dæmi þar tiltekin um atriði sem betur hefðu mátt og átt að fara ef allt hefði verið í jafngóðu lagi og virtist vera á meðan á blundinum stóð.

Við kynningu skýrslunnar sagði formaður nefndarinnar Alexandra Bech Gjørv m.a. eftirfarandi:

*„Í þeim tilvikum þar sem lögreglan hafði ekki nægar bjargir (n. ressurser), hefði lögreglan átt á fleiri stöðum að gera meira til að reyna að tryggja sér þær bjargir sem til þurfti.“*

Í heildarsamhengi skýrslunnar og þeirra athugasemda sem koma fram í henni á störf lögreglunnar, stjórnun, búnað o.fl., auk þeirra athugasemda sem Landssamband norskra lögreglumanna (Politiforbundet) hefur um áraraðir sett fram um rekstur og búnað lögreglunnar er ljóst að orð formanns nefndarinnar er ekki hægt að lesa nema á einn veg og hann er sá að LÖGREGLAN hefði átt að vera búin að koma fram með sterkari hætti opinberlega,gagnvart stjórnvöldum og fjárveitingavaldinu til að krefjast úrbóta. Úrbóta sem m.a. hefðu átt að taka til fjölgunar lögreglumanna, meiri og öflugri tækjabúnaðar auk ýmissa heimilda til starfa sinna svo fátt eitt sé talið upp.

Það er kristaltært, þegar skýrsla 22. júlí nefndarinnar er lesin yfir og sér í lagi horft til þeirra athugasemda sem beinast sérstaklega að norsku lögreglunni að ýmislegt – alls ekki allt – sem þar er talið upp svipar mjög til stöðu mála hér á Íslandi og sum atriði jafnvel í enn verri málum en í Noregi. Kemur þar ýmislegt til en að stærstum hluta þó ónógar fjárveitingar til löggæslu og alltof fáir lögreglumenn! Niðurskurður síðustu ára hefur reyndar keyrt algerlega um þverbak og nánast lamað starfsemi lögreglunnar víða um land. Landssamband lögreglumanna (LL) hefur reynt að vekja athygli ráðamanna og almennings á þessari stöðu en oftar en ekki fengið bágt fyrir og gagnrýni á þann veg að LL væri að mála upp of dökka mynd af ástandinu og þar með líka skapa óþarfa ótta. Gott og vel, gagnrýni er oft góðra gjalda verð en ef ekki má benda á staðreyndir þá er illa fyrir okkur komið!

Það sama hefur verið uppi á teningnum í Noregi og hefur Arne Johannessen, formaður Landssambands norskra lögreglumanna nefnt það í eyru þess er þetta skrifar að ábyrgðin, á því að hlutirnir séu í því ólagi sem þeir eru, liggi hjá þeim sem fara með landsstjórnina og fjárveitingavaldið en ekki nema að hluta til hjá lögreglunni (þá í þeim tilvikum þegar hlutirnir eru ekki nefndir réttum nöfnum) og ALLS EKKI hjá lögreglumönnum. Það sé hinsvegar klárt hlutverk landssambandanna – allsstaðar á Norðurlöndunum – að halda stjórnvöldum við efnið og almenningi upplýstum um stöðu mála. Þannig er meginþema nýjasta tölublaðs „Politi Forum“, fagtímarits norska landssambandsins, upprifjun á því sem norska Landssambandið hefur verið að benda á undanfarin ár í rekstrarumhverfi lögreglunnar sem voru í ólagi. Hvert einasta atriði, sem tiltekið er í blaðinu er að finna í þeirri gagnrýni á ástand löggæslumála í Noregi eins og það birtist þann 22. júlí 2011. Það væri fróðlegt, í þessu samhengi, að renna í gegnum áður útkomin eintök af Lögreglumanninum, fagtímriti LL, og lesa saman við gagnrýni 22. júlí nefndarinnar auk þeirra athugasemda og tillagna sem yfirstjórn lögreglunnar á Íslandi hefur sett fram undanfarin ár um uppbyggingu lögreglunnar. Hversu margar þeirra athugasemda og tillagna, sem fram hafa verið settar af yfirstjórn lögreglunnar og LL ætli hafi verið hlustað á og teknar til greina?

Í síðasta pistli mínum hér leyfði ég mér að vitna í orð Geirs Jóns Þórissonar sem rétt er að endurtaka, að hluta til, hér:

*„Af hverju megum við þá ekki vera með sömu tækin og tólin í höndunum til að hjálpa okkur áður en málin verða stór og alvarleg? Það er það sem þetta snýst um, að geta gripið inn í áður en búið er að skaða fjölda manns.“*

Er kom að rekstrarumhverfi lögreglunnar hafði Geir Jón þetta að segja:

*„En það sem gerði útslagið er að mér líkar illa þessi mikli niðurskurður hjá lögreglunni og ég bara get ekki tekið þátt í honum lengur. Þeir geta þá sparað eina stöðu á toppnum og ráðið frekar á götuna. Það er illa komið í dag og ég get eiginlega ekki tekið þátt í þessu lengur. Ég treysti mér ekki til að stjórna og stýra mannskap þar sem þarf að fækka sífellt í liðinu sem vinnur þessi erfiðu störf. Ég þekki þetta mjög vel og veit hvað þarf til að við getum unnið þetta sómasamlega. Og það er bara ekki þannig í dag, liðið er alltof fáliðað.“*

Geir Jón var ekki þarna bara að vísa til ástandsins á höfuðborgarsvæðinu enda tók hann sérstaklega fram ástandið sem orðið er í Vestmannaeyjum í kjölfar þess að sólarhringsvaktir lögreglu voru aflagðar þar:

*„Öryggi Vestmannaeyinga er ógnað með þessum hætti, það er augljóst.“*

Á allt ofangreint hefur LL bent stjórnvöldum á undanfarin ár en því miður án mikils sjáanlegs ávinnings! Það er þó núna fyrst sem stjórnvöld hafa opnað augu sín fyrir því að sennilega þarf að fara í þá vinnu að skilgreina hlutverk lögreglu í landinu þ.a. hægt verði, af einhverju viti, að tryggja rekstrarumhverfi þessarar grunnstoðar samfélagsins.

Hvenær skyldu íslensk stjórnvöld og fjárveitingavaldið vakna af sínum væra blundi?

365

Aðalskoðun hf.

VESTURBÚÐ
Eyrarbakka • 4831385
Borg í Grímsnesi • 4864408

# 22. júlí 2011

## *hvað gerðist og hvað fór úrskeiðis?*



*Blómahaf í miðborg Osló*

**22. júlí 2011 er dagur sem er greiptur í huga manns. Ráðist var á norsku þjóðarsálina og hryllilegt hryðjuverk framið. Fyrst með sprengju í miðborg Osló og seinna sama dag í Utøya þar sem fjöldi manns úr ungliðahreyfingu norska Verkamannaflokksins var eltur uppi eins og bráð og stráfelldur af sama manni og stóð fyrir árásinni í Osló. Alls dóu 8 manns í sprengjuárásinni, 9 manns hlutu alvarlega líkamlega áverka og yfir 200 manns urðu fyrir minni háttar líkamlegum áverkum. Í Utøya dóu 69 manns, þar af 67 sem létust af völdum skotsára en tveir létust vegna drukknunar er þeir reyndu að komast í burtu af eyjunni eftir að hafa verið skotnir. Þrjátíu og þrír einstaklingar hlutu skotsár en lifðu af árásina. Á eyjunni voru alls 564 einstaklingar þegar hryðjuverkamaðurinn kom þangað og lét til skarar skríða. Alls létust því 77 manns og á þriðja hundrað manns lágu sárir eftir árásina. Réttarhöldunum er nú nýlokið og var ódæðismaðurinn dæmdur til 21 árs fangelsis/öryggisvistunar sem er hámarksrefsing samkvæmt norskum lögum. Eðli vistunarinnar er reyndar með þeim hætti að eftir 10 ár í fyrsta lagi getur hann farið fram á að verða látinn laus en þá þarf að fara fram mat á því hvort hann teljist enn vera hættulegur samfélaginu og á fimm ára fresti eftir það. Miðað við forsendur dómsins eru afar litlar líkur á að hann fái nokkurn tímann um frjálst höfuð strokið.**

Eðlilega hlutu atburðirnir gífurlega athygli í fjölmiðlum. Í fyrstu snerist umfjöllunin um fórnarlömbin, fjölskyldur hinna látnu, ódæðismanninn og þær óskiljanlega ástæður sem hann færði fram fyrir athöfnum sínum, eyðilegginguna og sorgina – sem var botnlaus. Þjóðin sýndi gríðarlega samstöðu og tjáði hana í verki á opinberum vettvangi með samveru, söng og táknrænum hætti með blómum sem er tákn norska verkamannaflokksins. Hægt og rólega fóru fjölmiðlar að beina augunum að lögreglunni, viðbúnaði hennar og ástæðum þess að ekki var unnt að koma í veg fyrir slíkan atburð eða grípa fyrr inn í atburðarásina og þannig forðað svo mörgum frá því að deyja.

Lögreglan setti sjálf á laggirnar nefnd sem átti að fara yfir störf lögreglu þennan örlagaríka dag. Niðurstaða hennar lá fyrir í mars sl. og var í megindráttum sú að lögreglan hefði ekki verið nægjanlega í stakk búin til að takast á við atburð af þessum toga þrátt fyrir að allir sem komu að málinu hefðu gert sitt allra besta. Ríkislögreglustjóri bað þjóðina afsökunar fyrir hönd lögreglunnar á að hafa ekki getað handtekið ódæðismanninn fyrr en raun bar vitni. Vinna ætti með þá hluti sem betur máttu fara með það að markmiði að geta gert betur í framtíðinni.

Mikil gagnrýni kom fram á skýrsluna sem var m.a. ekki talin nægjanlega trúverðug eða ítarleg um fjölmarga hluti. Sett var einnig á laggirnar algerlega hlutlaus nefnd (22. júlí nefndin) og skilaði hún nið-




*Norskur hermaður að störfum*

*Birting myndanna í greininni er með leyfi Erik Inderhaug/Politiforum í Noregi*

BAKO ÍSBERG
BÍLASTÆÐASJÓÐUR
BT
Búr ehf.

# *Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi*


## Reykjavík

A. Margeirsson ehf.
Flúðaseli 48
A. Wendel ehf.
Tangarhöfða 1
Actionpages Media ehf.
Skúlatúni 2
Aðalvík ehf.
Ármúla 15
AH Lögmenn ehf.
Þrándarseli 2
Alefli ehf. - Byggingaverktakar
Þarabakka 2
Alhliða pípulagnir
Bæjarflöt 6
Allrahanda ehf.
Klettagarðar 4
Antikmunir
Klapparstíg 40
Arctic rafting ehf.
Laugavegi 11
Arev verðbréfafyrirtæki hf.
Bankastræti 5
Arkís ehf. - Arkitektar
Höfðatúni 2
Asía ehf.
Laugavegi 10
Atvinnuhús ehf. - Fasteignasala
Hverfisgötu 4
Auglýsingastofan
ENNEMM ehf.
Brautarholti 10
Auglýsingastofan
Hvíta húsið ehf.
Brautarholti 8
Austur Indíafélagið
Hverfisgötu 56
Austurlandahraðlestin ehf.
Hverfisgötu 64a
Áfengis- og tóbaksverslun
ríkisins.
Stuðlahálsi 2
Áman ehf.
Háteigsvegi 1
Árbæjarapótek ehf.
Hraunbæ 115
Árni Reynisson ehf.
Skipholti 50d
Ásfell ehf.
Fremristekk 11
B. Árnason
byggingaþjónusta ehf.
Breiðagerði 21
B.J. Endurskoðunarstofa hf.
Síðumúla 21
B.K. flutningar ehf.
Krosshömrum 2
Bakkus ehf.
Héðinsgötu 1
Bakverk-Heildsala ehf.
Tunguhálsi 10
Baldvin Hafsteinsson
Laugavegi 7
Barnaverndarstofa
Borgartúni 21
Bernhöftsbakarí ehf.
Bergstaðastræti 13
Bifreiðabyggingar sf.
Tangarhöfða 2
Bifreiðastillingar Nicolai
Faxafeni 12
Bifreiðastjórafélagið Frami
Fellsmúla 24-26
Bifreiðastjórafélagið Sleipnir
Mörkinni 6
Birtingur, útgáfufélag ehf.
Lynghálsi 5

Bílahöllin - Bílaryðvörn hf.
Bíldshöfða 5
Bílalíf, bílasala Klettháls 2
Klettháls 2
Bílamálun Sigursveins
Sigurðssonar
Hyrjarhöfða 4
Bílasmiðurinn hf.
Bíldshöfða 16
Bílaverkstæði Jóns T.
Harðarssonar
Bíldshöfða 18
Bílaviðgerðir sf
Viðarhöfða 6
Bílfang ehf
Malarhöfða 2
Björnsbakarí ehf.
Klapparstíg 3 v/Skúlagötu
Blaðamannafélag Íslands
Síðumúla 23
Bláfugl ehf.
Lynghálsi 4
Blikksmiðurinn hf.
Malarhöfða 8
Blómatorgið
Hringbraut 33
Blómaverkstæði Binna ehf.
Skólavörðutíg 12
Bonafide -Lögmenn/ráðgjöf
ehf.
Klapparstíg 25-27
Bonito ehf. Friendtex/Praxis
Faxafeni 10
Booztbar - Borgartúni 39
Borgartúni 39
Borgarbílastöðin ehf.
Skúlatúni 2
Bókhaldsþjónusta Arnar
Ingólfssonar ehf
Nethyl 2a
Bókhaldsþjónustan Rúnir ehf.
Stangarhyl 3
Bólstrarinn
Langholtsvegi 82
Bólstrun Ásgríms ehf.
Bergstaðarstræti 2
Bólstrunin Miðstræti 5
Miðstræti 5
Breiðan ehf.
Markarvegi 6
Brimborg ehf.
Bíldshöfða 6
Búr ehf
Bæjarflöt 2 - Sími: 510 9400
Búseti
Síðumúli 10
Bygg Ben ehf.
Fífilsbrekku 113
Byggingafélag Gylfa og
Gunnars hf.
Borgartúni 31
Cafe konditori
Grensásveg 26
Danfoss hf.
Skútuvogi 6
Danica sjávarafurðir ehf.
Suðurgötu 10
Delamar slf
Grandagarður 47
Dentalstál ehf.
Hverfisgötu 105
Devitos Pizza við Hlemm
Laugavegi 126
Dún og Fiður ehf.
Laugavegi 87
Dvalar og hjúkrunarheimilið
Grund
Hringbraut 50

E.F. Ben ehf.
Dugguvogi 17-19
Ecco á Íslandi
Guðröðarstíg 6-8
Eðal flutningar ehf.
Jónsgeisla 47
Efling stéttarfélag
Sætúni 1
Efnalaugin Perlan ehf
Langholtsvegi 113
Efnalaugin Úðafoss sf.
Vitastíg 13
Egill Árnason ehf
Suðurlandsbraut 20
Egill Þorsteinsson Kíróparktor ehf.
Laugavegi 163e
Eico ehf.
Skútuvogi 6
Eignamiðlunin ehf.
Síðumúla 21
Eignaskipting ehf.
Unufelli 34
Eik fasteignafélag hf.
Sóltúni 26 - 3.hæð
Ellen Ingvadóttir lögg.
dómtúlkur og skjalþýðandi
Skipholti 50b
Endurskoðun og
reikningsskil hf.
Stangarhyl 5
Erluís Fákafeni 9
Ernst & Young
Borgartúni 30
Esja Gæðafæði ehf.
Bitruhálsi 2
Eyrir Fjárfestingafélag ehf.
Skólavörðustíg 13
Fasteignasalan Húsið
Suðurlandsbraut 50
Fasteignasalan Kjöreign ehf.
Ármúla 21
Fatahreinsunin Snögg
Stigahlíð 45 - 47
Faxaflóahafnir
Tryggvagötu 17
Felgur-smiðja ehf.
Axarhöfða 16
Ferðafélag Íslands - Ferðafélag
barnanna
Mörkinni 6
Ferðamálastofa Íslands
Geirsgötu 9
Ferðaskrifstofan Vita ehf.
Suðurlandsbraut 2
Ferró ehf.
Langholtsvegi 130
Félag íslenskra bifreiðaeigenda
Skúlagötu 19
Félag íslenskra
hljómlistarmanna
Rauðagerði 27
Félag tanntækna og
aðstoðarfólks tannlækna
Háaleitisbraut 58-60
Félagsbústaðir hf.
Hallveigastíg 1
Fiskbúðin Hafberg ehf.
Gnoðarvogi 44
Fjallabílar - Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
Fjallamenn ehf.
Skútuvogi 12e
Fjárhagsþjónustan ehf.
Strýtuseli 14
Forum Lögmenn
Aðalstræti 6 - 5.hæð
Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur ehf.
Háaleitisbraut 58-60

Fræðslumiðstöð ÖÍ
Þarabakka 3
G.Á. húsgögn ehf.
Ármúla 19
G.B. Tjónaviðgerðir ehf.
Draghálsi 6-9
G.S. varahlutir ehf.
Bíldshöfða 14
Gagnaöryggi ehf.
Bæjarflöt 4
Gallerí Fold
Rauðarárstíg 14
Garðmenn ehf.
Skipasundi 83
Geiri ehf.
Bíldshöfða 16
Gilbert úrsmiður
Laugavegi 62
Gistiheimilið Aurora
Freyjugötu 24
Gistiheimilið Baldursbrá
Laufásvegi 41
Gistiheimilið og
veitingastaðurinn Písa
Jónsgeisli 23
Gjögur hf.
Kringlunni 7
Gleraugnaverslunin Sjón ehf.
Laugavegi 62
Glóandi ehf.
Engjateigi 19
Glófaxi ehf. blikksmiðja
Ármúla 42
Gluggasmiðjan ehf.
Viðarhöfða 3
GM Verk ehf.
Stórhöfða 35
Grandakaffi ehf.
Grandagarði 101
Grant Thornton endurskoðun
Suðurlandsbraut 20
Grásteinn ehf.
Grímshaga 3
Grensáskirkja
Háaleitisbraut 66
Grensásvideo ehf.
Grensásvegi 24
Guðmundur Arason ehf.
Smíðajárn
Skútuvogi 4
Guðmundur Jónasson ehf.
Borgartúni 34
Gull- og silfursmiðjan Erna hf.
Skipholti 3
Gullsmiðurinn í Mjódd
Álfabakka 14b
Gullöldin ehf.
Hverafold 5
Gústaf Þór Tryggvason hrl.
Tjarnargötu 10d Box 1067
Haagensen ehf. - YAKKAY
reiðhjólahjálmar
Njálsgötu 13b
Hafgæði sf.
Fiskislóð 47
Hafnarsmiðjan ehf.
Grandagarði 18
Hagi ehf.
Stórhöfða 37
Hagkaup ehf.
- Skrifstofa
Holtagörðum v/Holtaveg
Halli Gullsmiður
Bankastræti 6
Hamborgarabúllan
Kringlan 4 - 12
Happdrætti D.A.S.
Tjarnargötu 10

Harald og Sigurður hf.
Stangarhyl 6
Haukur Þorsteinsson
tannlæknir
Óðinsgötu 4
Hárgreiðslustofan Greiðan ehf
Háaleitisbraut 58-60
Hársnyrtistofa Dóra
Langholtsvegi 128
Hársnyrtistofan Aida
Blönduhlíð 35
Hársnyrtistofan Greifinn
Hringbraut 119
Hátækni ehf.
Vatnagarðar 10
Heilsubrunnurinn ehf.
Kirkjuteigi 21
Heimabíó/James Bönd
Skipholti 9
Hereford steikhús
Laugavegi 53b
Herrafataverslun Birgis ehf.
Fákafeni 11
Herrahúsið Herrabúðin hf.
Laugavegi 47
Héraðsdómur Reykjavíkur
Dómshúsinu v/ Lækjartorg
Hilmar D. Ólafsson ehf.
Langholtsvegi 13
Hitatækni hf.
Langholtsvegi 109
Híbýli og skip ehf.
Hverfisgötu 105
Hjá Dóra ehf. - Matsala í
Mjóddinni
Þönglabakka 1
Hjólastillingar ehf.
Hamarshöfða 3
Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs
Gylfaflöt 3
Hjólbarðaverkstæði
Sigurjóns ehf.
Hátúni 2a
Hlað sf.
Bíldshöfða 12
Hljóðfærahúsið ehf
Síðumúla 20
Hljóðfæraverslun
Pálmars Árna
Rangárseli 6
Hókus Pókus
Laugavegi 69
Hótel Cabin ehf.
Borgartúni 32
Hótel Flóki
Flókagötu 1
Hótel Frón
Laugavegi 22
Hótel Leifur Eiríksson ehf.
Skólavörðustíg 45
Hótel Óðinsvé
Þórsgötu 1
Hreinsibílar ehf.
Hesthálsi 6-8
Hreysti ehf.
Skeifunni 19
HS Pípulagnir ehf.
Hraunbæ 78
HU - Vegamót
Vegamótastíg 4
Humarhúsið
Amtmannsstíg 1
Húsafriðunarnefnd ríkisins
Suðurgötu 39
Húsalagnir ehf.
Gylfaflöt 20
Húsasmiðjan hf./Blómaval
Holtavegi 10




urstöðu sinni 13. ágúst sl. Niðurstaða 22. júlí nefndarinnar er áfellisdómur yfir norsku lögreglunni. Bent er á fjölmörg atriði sem virðast hafa verið í algjöru lamasessi hjá lögreglunni og þarfnast tafarlausra úrbóta. Í framhaldi hafa forsætisráðherra Noregs, Jens Stoltenberg, og innaríkisráðherrann Grete Faremo komið fram í norska Stórþinginu með aðgerðaáætlun sem á að koma til móts við gagnrýni 22. júlí nefndarinnar.

Landssamband lögreglumanna telur mikilvægt að skýrslan verði skoðuð ítarlega af íslenskum yfirvöldum og úttekt gerð á skipulagi íslensku lögreglunnar með tilliti til þess hvernig við erum í stakk búin til að takast á við viðlíka aðstæður. Mikilvægt er að slík umfjöllun sé fagleg og án upphrópana. Vissulega er um vandasamt umfjöllunarefni að ræða sem verður að umgangast af varúð og virðingu. Það verður samt að ræðast, undan því verður ekki komist. Enginn trúði að slíkur atburður myndi gerast á Norðurlöndum – reyndin varð önnur – það er staðreynd sem við sem þjóð höfum ekki efni á að líta fram hjá.

Hér á eftir fer samantekt um helstu atriði sem 22. júlí nefndin setur fram í skýrslunni og beinast sérstaklega að lögreglu. Síðan kemur nefndin með 9 ábendingar til lögreglu sem hún telur nauðsynlegt að bætt verði strax úr og í lokin er tekin upp sú gagnrýni sem norska Landssambandið hafði sett fram um nákvæmlega þau sömu atriði en hafði verið hundsuð af yfirvöldum. Reyndar setur 22. júlí nefndin í heild sinni fram þrjátíu og eina (31) athugasemd hið minnsta um störf lögreglunnar, heilbrigðiskerfisins, sjúkraflutningafólks og norska hersins en hér verður aðeins fjallað um hluta þessara athugasemda sem og ýmsar athugasemdir sem Landssamband norskra lögreglumanna hefur komið fram með undanfarin ár, m.a. um mönnunarþörf lögreglu, fjárveitingar o.fl. sem ekki var hlustað á af norskum stjórnvöldum.

### *Lögreglan varð að skipta um bát tvisvar sinnum á leiðinni til Utøya*

**Þess vegna er það gagnrýnivert**
Nefndin segir að lögreglubáturinn hafi verið ofhlaðinn á leið til Utøya. Yfirfærsla af mannskap og búnaði hófst um leið og báturinn kom til Storøyja u.þ.b. kl. 18:11. Til að flýta fyrir var bátnum siglt upp í fjöruborðið og þá flæddi vatn inn í hann að aftanverðu eftir því sem fleiri menn og meiri búnaður kom í bátinn. Bensínlokið var opið til að fá betri loftun og líklegast komst vatn í bensíntankinn. Þegar báturinn fór af stað voru ellefu menn í honum og mikill búnaður. „Skipstjórinn“ vildi losa tiltekinn fjölda manna úr bátnum en fékk skipun um að halda áfram. Ferðin gekk afar hægt og mótorinn stöðvaðist kl. 18:19.

Nýr bátur kom strax til björgunar en sömu mistök voru endurtekin og báturinn drekkhlaðinn af mannskap og búnaði. Yfirhleðsla bátsins gerði hann mjög óstöðugan og ekki siglingahæfan. Að lokum kom „borgaralegur“ bátur sem ferjaði fjóra lögreglumenn. Lögreglan komst loks til Utøya kl. 18:27.

**Ábyrgir**
Lögreglan, sérsveitin.

### *Vantar fjöldaútkallskerfi*

**Þess vegna er það gagnrýnivert**
Þar sem ekkert fjöldaúkallskerfi var til þurfi að setja mannskap í að hringja út samkvæmt fyrirliggjandi símalistum.

Nefndin telur þetta ófullnægjandi kerfi sem er bæði óáreiðanlegt og seinvirkt.

Nefndin hrósar samtímis lögreglunni í Osló fyrir að hafa náð að kalla marga út við þessar aðstæður þrátt fyrir framangreinda galla.

Samskipti við önnur lögregluumdæmi voru ófullnægjandi og hreinlega ekki talin nauðsynleg fyrstu klukkutímana eftir atburðinn. Samskiptin bötnuðu eftir því sem leið á kvöldið.

**Ábyrgir**
Lögreglan í Osló.

### *Sérsveitin notuð á rangan hátt og það tafði útkall þeirra til Utøya*

**Þess vegna er það gagnrýnivert**
Nefndin bendir á að sérsveitin var notuð til björgunaraðgerða í Osló í stað þess að vera í viðbragðsstöðu vegna mögulegra nýrra atburða.

Nefndin telur þetta ekki heppilegt sem svo kom á daginn því eftir að vitneskja barst um atburðina í Utøya þurftu meðlimir sveitarinnar tiltekinn tíma til að losa sig undan þeim verkefnum sem þeir þá höfðu með höndum í stað þess að komast strax í útkallið.

Sérsveitin var notuð til björgunaraðgerða þrátt fyrir að þá hafi legið fyrir lýsing á ódæðismanninum og skráningarnúmer ökutækisins sem hann var á. Þá lá fyrir mat um að líklegast væri að viðkomandi væri kominn langt í burtu frá Osló.

**Ábyrgir**
Nefndin kveður ekki upp úr með það en ákvörðunin var tekin í sameiningu af yfirmönnum sérsveitar og vettvangsstjóra.

### *Landamæragæsla ekki aukin í Noregi en Svíar settu aukinn viðbúnað í sína landamæragæslu*

**Þess vegna er það gagnrýnivert**
Tilkynningar um landamæravörslu voru ekki mótteknar í umdæmum lögreglu í Hedmark eða í Østfold.

Sænska lögreglan setti í gang aukið landamæraeftirlit með umferðinni að eigin frumkvæði. Það var fyrst eftir að Svíar upplýstu Østfold um þetta sem eftirlit var sett af stað þar.

Sænska lögreglan setti upp stöðvanir á 7-10 stöðum en lögreglan í Hedmark setti upp eftirlit á einungis einni af 38 landamærastöðvum í fylkinu.

Hernaðaryfirvöld voru aldrei upplýst um það af norsku lögreglunni eða landskerfunum að lögregla hefði tekið upp aukið landamæraeftirlit.

**Ábyrgir**
Lögreglan, ríkislögreglustjórinn.

### *Viðbragðsáætlun lögreglunnar vegna hryðjuverka var ekki virkjuð 22/7*

**Þess vegna er það gagnrýnivert**
Starfandi ríkislögreglustjóri, Vidar Refvik, taldi ekki nauðsynlegt að meta/íhuga hvort virkja ætti áætlunina áður en hann fór til starfa sinna í neyðarráði ríkisstjórnarinnar.

Øystein Mæland ríkislögreglustjóri þekkti ekki til áætlunarinnar eftir að hafa gegnt embætti sínu í einungis tvær vikur.

Oslóarlögreglan virkjaði heldur ekki áætlunina, einkum vegna tímapressu.

Nefndin telur að rétt hefði verið að virkja neyðaráætlunina strax eftir að sprengjan sprakk í Osló.

**Ábyrgir**
Ríkislögreglustjóri, lögreglan í Osló.

### *Neyðarráð sett á laggirnar án þess að hafa undir höndum nauðsynlegar upplýsingar*


Domino's Pizza
EIMSKIP
FORTIS
FOSSHOTEL



Byggingar í miðborg Osló gjöreyðilögðust af völdum sprengjunnar

**Þess vegna er það gagnrýnivert**

Þegar upp koma sérstakar aðstæður sem hefðbundin vettgangsstjórn telur sig ekki ráða við án aðstoðar er sett á laggirnar stjórnunarteymi lögreglustjóra. Samkvæmt skráningu lögreglunnar var það gert kl. 16:55 en þá vantaði upplýsingar sem voru teyminu nauðsynlegar til að geta sinnt sínu starfi með fullnægjandi hætti.

- Engin stöðuskýrsla lá fyrir frá vettvangsstjórn sem fram til þess tíma bar ábyrgð á aðgerðum lögreglu.
- Engar upplýsingar lágu fyrir um meintan geranda eða upplýsingar um skráningarnúmer ökutækis hans en þessar upplýsingar lágu fyrir um 10 mínútum eftir sprengjuárásina – þ.e. meira en einni klukkustund áður en stjórnunarteymið var sett á laggirnar.
- Ekki lágu fyrir hjá teyminu upplýsingar um að á þessum tíma hafði á landsvísu verið gefin út tilkynning um ökutækið.

„Með öðrum orðum var breytt um vettvangsstjórn án þess að fyrir lægju upplýsingar um gerandann og þær aðgerðir sem þegar hafði verið ákveðið að ráðst í af hálfu lögreglu."

Á starfsmannafundi sem var 30 mínútum síðar var þessum upplýsingum ekki heldur miðlað.

„Án þessara upplýsinga var útilokað fyrir stjórnunarteymið að uppfylla stjórnunarlegt hlutverk sitt og mæla fyrir um réttar aðgerðir lögreglu."

Fjórum mínútum síðar, kl. 17:29, á meðan stjórnunarteymið sat á fundi, fékkst vitneskja um skotárásina á Utøya. Það gerðist með þeim hætti að einn af fundarmönnum fékk símaskilaboð frá dóttur sinni sem var stödd á eynni.

**Ábyrgir.**

Ekki kveðið upp úr með það en bent á að almenn fyrirmæli væru ófullnægjandi.

***Aldrei var íhugað að notast við fjölmiðla til að upplýsa um stöðu mála***

**Þess vegna er það gagnrýnivert**

Kerfi til að notast við fjölmiðla til að upplýsa um stöðu mála eða til að koma á framfæri upplýsingum var ekki sett á laggirnar og ekki íhugað 22. júlí.

Þrátt fyrir þetta er mikil reynsla til staðar svo sem vegna rána eða skotárása þar sem hefur sýnt sig að skjót og nákvæm upplýsingamiðlun í gegnum fjölmiðla hefur skilað árangri.

**Ábyrgir**

Lögreglan.



*Sprengjugígurinn girtur af*

***Handtakan á Breivik var vel framkvæmd***

**Þess vegna er það ekki gagnrýnivert**

Taktískar ákvarðanir lögreglumannanna vitna um mikið áræði og vilja. Ferð þeirra til Utøya var mjög áhættusöm þar sem lítill hraði og skortur á 360 gráðu vörn þýðir að þeir voru auðveld skotmörk.

Það er mat nefndarinnar að lögreglumennirnir hafi sýnt mikið hugrekki og tóku nauðsynlega áhættu til að stöðva fjöldamorðin. Þessi hluti aðgerðar lögreglu var mjög vel heppnaður og beinskeittur.

**Ábyrgir**

Oslóarlögregluumdæmið, Norður Buskerud lögregluumdæmið og sérsveitin.

***Sérsveitin var á leið til rangrar eyju í Tyrifjorden***

**Þess vegna er það gagnrýnivert**

Sérsveitarbáturinn sem fór til Utøya var sjósettur frá Storøya. Samkvæmt skýrslunni hélt yfirmaður sérsveitar að Geitøya væri Utøya. Eftir að mistökin uppgötvuðust var stefnan leiðrétt og siglt til Utøya.

Engar byggingar eru á Geitøya fyrir utan einn kofa og á eyjunni er ræktaður skógur.

**Ábyrgir**

Sérsveitin.

***Lögreglumennirnir sem fyrst komu á staðinn gátu og áttu að gera miklu meira***

**Þess vegna er það gagnrýnivert**

- Fyrstu lögreglumennirnir sem komu á þann stað sem farið var frá til Utøya áttu að reyna að útvega bát og leggja af stað sem fyrst. Nefndin slær þessu alveg föstu.
- Nefndin telur það vera skyldu lögreglu samkvæmt lögum og fyrirmælum sem henni ber að fara eftir í tilfellum sem þessum að bregðast við.
- Nefndin telur að þrátt fyrir að það hafi verið mat þeirra sem fyrstir komu á vettvang að þeir gætu ekki aðhafst neitt sjálfir hafi þeim borið skylda til að aðhafast tiltekna hluti í stað þess að bíða einungis komu þeirra sem voru á leiðinni.
- Þeir hefðu átt að hefja undirbúningsaðgerðir til að flýta fyrir vinnu þeirra sem voru að koma svo sem með því að útvega bát.

**Ábyrgir**

Norður Buskerud lögregluumdæmið.

***Lögreglan í Osló afþakkaði aðstoð og hafði heldur ekki frumkvæði að því að viðbúnaðarstig yrði aukið í nærliggjandi lögregluumdæmum***

**Þess vegna er það gagnrýnivert**

- Undirmönnuð fjarskiptamiðstöð var að mati nefndarinnar ekki tæk til að framkvæma þær aðgerðir sem nauðsynlegar voru.
- Fjarskiptamiðstöðin hafði ekki yfirsýn yfir þau tæki og tól sem lögreglan hafði yfir að ráða.


Gaflarar
RAFVERKTAKAR
Golfvöllurinn Þverá
Þverá • Eyjafjarðarsveit • S. 893 1927
Góa-Linda
HB GRANDI
hagar
HÉÐINN
ICELANDAIR
IÐA

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Höfðakaffi ehf.
Vagnhöfða 11
IB/Nýja Bílahöllin ehf
Eirhöfða 11
Iceland Congress
Eskihlíð 3
IÐNÓ
Vonarstræti 3
Iðntré ehf.
Draghálsi 10
Inter ehf.
Sóltúni 20
iphone.is
Tryggvagötu 17
ÍSAGA ehf.
Eirhöfða 11 PO#23775
Ísfrost ehf.
Funahöfða 7
Íslandspóstur hf.
Stórhöfða 29
Íslensk erfðagreining
Sturlugötu 8
Íslenska gámafélagið
Gufunesi
Íslenskir fjallaleiðsögum ehf.
Vagnhöfða 7
Ísmar hf.
Síðumúla 28
Ísold ehf, hillukerfi - www.
isold.is
Nethyl 3
Ísólfur Pálmarsson
hljóðfæraumboð sf.
Bakkastíg 5
Ís-spor hf.
Síðumúla 17
Íþróttabandalag Reykjavíkur
Engjavegi 6
Íþróttafélagið Fylkir
Fylkisvegi 6
JGG ehf.
Langholtsvegi 49
Jóhannes Long ljósmyndari
Ásholti 2
Jón og Óskar
Laugavegi 61
Jón Sigmundsson
Skartgripaverslun hf.
Laugavegi 5
Jónatansson & Co.,
Lögfræðiskrifstofa ehf.
Suðurlandsbraut 6
K. Pétursson ehf.
Kristnibraut 29
K.H.G. þjónustan ehf.
Eirhöfða 14
Kaffi Roma
Laugavegi 118
Kaffibarinn ehf.
Bergstaðastræti 1
Kaffivagninn hf.
Grandagarði 10
Karton hf.
Höfðabakka 9
Kemi ehf. - www.kemi.is
Tunguhálsi 10
Kemis ehf.
Breiðhöfða 15
Kjöthöllin Skipholti 70 ehf.
Skipholti 70
Klipphúsið ehf.
Bíldshöfða 18
Knatthöllin ehf
Fossaleyni 1
Knattspyrnusamband
Íslands
Laugardal
Kolaportið

Pósthólf 12
KOM Almannatengsl
Höfðatorgi
Höfðatúni 2
Kórund Kort ehf.
Skútuvogi 13
KPMG hf.
Borgartúni 27
Kr. St. lögmannsstofa ehf
Austurstræti 10a
Kristján og Stefán Fluttningar
- K. og S. sf
Fannafold 179
Kvika ehf.
Bjargarstíg 15
Kvikk þjónustan ehf.
Vagnhöfða 5
Kælitækni ehf.
Rauðagerði 25
LAG-Lögmenn sf.
Ingólfsstræti 5
Lagnalagerinn ehf.
Fosshálsi 27
Lambafell ehf.
Bakkastöðum 81
Landhelgisgæsla Íslands
Skógarhlíð 14
Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
Landssamband
hestamannafélaga Laugardal
Engjavegi 6
Landssamband kúabænda
Bitruhálsi 1
Landssamband slökkviliðs- og
sjúkraflutningamanna
Brautarholti 30
Langholtskjör
Langholtsvegi 176
Laugarásvideó ehf.
Dalbraut 1-3
Lausnir Lögmannastofa
Borgartúni 33
Lásaþjónustan ehf.
Grensásvegi 16
Láshúsið ehf.
Bíldshöfða 16
Legis ehf. Lögfræðistofa
Holtaavegur 10
Leiðtogaþjálfun ehf.
Ármúla 11 3h
Leiguval ehf.
Kleppsmýrarvegi 8
LETURPRENT
Dugguvogi 12
Lindin, kristið útvarp Fm:102,9
Krókhálsi 4
Listasafnið Hótel Holt ehf.
Bergstaðastræti 37
Litir og föndur - Handlist ehf.
Skólavörðustíg 12
Litla bílasalan ehf.
Eirhöfða 11 - Bílakjallar
Litla Sendibílastöðin sf.
Vesturbergi 175
Lífstykkjabúðin ehf.
Laugavegi 82
Ljósboginn ehf.
Bíldshöfða 14
Ljósin ehf.
Trönuhólum 14
Loftstokkahreinsun ehf S.
5670882
Garðhúsum 6
Logaland hf.
Tunguhálsi 8
LOGOS lögmannsþjónustan
Efstaleiti 5

Lost.is netverslun
Dugguvogur 2
LP-Verk ehf. - Byggingafélga
Kleppsvegi 48
Lyfjaver apótek
Suðurlandsbraut 22
Lækjarbrekka
Bankastræti 2
Lögfræðiskrifstofa Tryggva
Viggóssonar
Kringlunni 7
Lögfræðistofa Guðmundur B.
Ólafsson hrl.
Barónsstíg 21
Lögfræðistofa Jóhanns
Baldurssonar hdl.
Ásvallagötu 28
Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf.
Borgartúni 25
Lögfræðiþjónustan tacsis ehf.
Kleppsvegur 6 Box 701
Lögmannsstofa Rúnars
S.Gíslasonar
Lágmúla 5
Lögmenn Árbæ
- www./skadi.is
Nethyl 2
Lögmenn Bankastræti
Bankastræti 5
Lögmenn Jónas & Jónas Þór sf.
Stórhöfða 25
Lögmenn Laugavegi 3 ehf.
Laugavegi 3
Lögreglufélag Reykjavíkur
Brautarholti 30
Lögreglustjórinn á
Höfuðborgarsvæðinu
Hverfisgötu 115
Lögskil ehf.
Suðurlandsbraut 48
Löndun ehf.
Kjalarvogi 21 Box 1517
Markaðsnefnd
Mjólkuriðnaðarins
Bitruhálsi 1
Marport ehf.
Fossaleyni 16
Matís ehf.
Vínlandsleið 12
Málarameistarar ehf.
Logafold 188
MD Vélar ehf.
Vagnhöfða 12
Melabúðin ehf.
Hagamel 39
Merkismenn ehf.
Ármúla 36
Minjavernd
Amtmannsstíg 1
Motus ehf.
Laugavegi 97
MS Ármann Skipamiðlun ehf.
Hafnarhúsinu Box 290
Múlakaffi
Hallarmúli
Múlaradíó
Fellsmúla 28
Múrþjónusta Braga
Miklubraut 24
Mæðrastyrksnefnd
Reykjavíkur
Hátúni 12b
Nesradíó ehf.
Síðumúla 19
Nexus
Hverfisgötu 103
Neyðarþjónustan ehf
Laugavegi 168

Nortek ehf.
Eirhöfða 13
Nostra ræstingar ehf.
Sundaborg 7-9
Nýi ökuskólinn ehf.
Klettagörðum 11
Næsti bar
Ingólfsstræti 1a
Orkuvirki ehf.
Tunguhálsi 3
Parlogis hf.
Krókhálsi 14
Perlan hf.
Öskjuhlíð
Pétur Stefánsson ehf.
Vatnsstígur 15 íb.901
PG Þjónusta ehf.
Klukkurima 1
Pipar og salt
Klapparstíg 44
Pitstop
Pósthólf 8994
Pixel Prentþjónusta ehf.
Brautarholti 10
Pizza King ehf.
Skipholti 70
Plastco hf.
Skútuvogi 10c
Plastpípur ehf.
Hólmgarði 20
Plúsmarkaðurinn
Hátúni 10b ehf.
Hátúni 10b
PMT - Plast, miðar og tæki ehf.
Krókhálsi 1
Polanska slf.
Lambastekk 2
Poulsen ehf.
Skeifan 2
Prentlausnir ehf.
Ármúla 15
Prikið
Bankastræti 12
Profilstál ehf.
Smiðshöfða 15
Promennt
Skeifunni 11b
PWC Legal
Skógarhlíð 12
Rafha ehf.
Suðurlandsbraut 16
Rafiðnaðarskólinn ehf
Skeifunni 11b
Rafneisti ehf.
Gnoðarvogi 76
Rafsvið sf.
Þorláksgeisla 100
Raftíðni ehf.
Grandagarði 16
Raftækjaþjónustan sf.
Lágmúla 8 - Kjallari
Rafvörn ehf
Langagerði 4
Ragnar og Guðjón ehf.
Espigerði 2
Rannsóknastofa í lyfja-og
eiturefnafræði H.Í.
Hofsvallagötu 53
Ráðgjafar ehf.
Garðastræti 36
Reikniver ehf.
Knarrarvogi 4
Reki hf.
Fiskislóð 57-59
Rekstrarfélagið Kringlan
Kringlunni 4 -12
Reykdal þjónusta ehf.
Síðumúla 34

Réttingaverk ehf.
Hamarshöfða 10
Réttur ehf. - Adalsteinsson &
Partners
Klapparstíg 25-27
Rikki Chan ehf
Kringlunni 8-12
Ríkislögreglustjórinn
Skúlagötu 21
Ríkissaksóknari
Hverfisgötu 6
RJR ehf.
Sundaborg 5
Rossopomodoro veitingastaður
Laugavegi 40a
Safalinn
Dugguvogi 3 Box 8202
Samhjálp félagasamtök
Stangarhyl 3a
Samhugur ehf.
Langagerði 116
Samsýn ehf.
Háaleitisbraut 58-60
Seðlabanki Íslands
Kalkofnsvegi 1
Seljakirkja
Hagasel 40
Sendibílar og
hraðþjónusta ehf.
Urriðakvísl 3
Shalimar veitingastaður
Austurstræti 4
Sigmundur Hannesson hrl.
Höfðatúni 2
Sigurjónsson & Thor ehf.
Lágmúli 7
Sindrafiskur ehf.
Mánatuni 5
Sínus ehf.
Grandagarði 1a
Sjómannadagsráð
Laugarási Hrafnistu
Sjóvélar ehf.
Skútuvogi 12
Sjúkraþjálfunin Heil og Sæl ehf.
Hraunbæ 102c
Skarthúsið
Laugavegi 44
Skerjaver - Best á lambið
Einarsnesi 36
Skipamiðlarar ehf
Grandagarði 14
Skíðasvæði
höfuðborgarsvæðisins
Borgartúni 12-14
Skolphreinsun Ásgeirs
Unufelli 13
Skorri ehf.
Bíldshöfða 12
Skóvinnustofa Halldórs
Guðbjörnssonar
Hrísateigi 19
SM Kvótaþing ehf.
Laugavegi 170-172
Smith & Norland hf.
Nóatúni 4
Smith & Norland hf.
Nóatúni 4
Smurstöðin Klöpp ehf.
Vegmúla 4
Snyrti- og tískuvöruverslunin
Sigurboginn
Laugavegi 80
Snæland Grímsson ehf.
Hópferðabílar
Langholtsvegi 115
Sportbarinn ehf.
Álfheimum 74




- Fjarskiptamiðstöðina skorti réttar tæknilegar lausnir og sumar þeirrar lausna sem voru fyrirliggjandi voru ófullnægjandi.
- Fjarskiptamiðstöðin hafði m.a. ekki yfir að ráða kerfi sem gagnast við hópstjórnun og til að geta átt skrifleg samskipti við lögreglu á vettfangi.
- Samskiptum milli aðgerðarstjóra og vettvangsstjóra var ábótavant.

**Ábyrgir**
Lögreglan í Osló.
Almennu skipulagi, svo sem mönnun á fjarskiptamiðstöð á orlofstíma, samskiptakerfi og þjálfun lögreglumanna, var ábótavant.

### *Upplýsingar sem bárust frá vitni (sjónarvotti) um Breivik til fjarskiptamiðstöðvar lágu óhreyfðar í 20 mínútur*

**Þess vegna er það gagnrýnivert**
Ábendingin var mjög mikilvæg þar sem hún barst lögreglu 10 mínútum eftir að sprengjan sprakk í Osló og var lýsing á persónu sem var klædd í einkennisbúning, með hjálm á höfði og byssu í hendi, akandi gráum sendibíl (flóttabifreið Breiviks), í hvaða átt viðkomandi keyrði og skráningarnúmer ökutækisins.

Ábendingin var skrifuð niður af starfsmanni á fjarskiptamiðstöðinni á gulan miða en lá svo á skrifboðinu við hliðina á aðgerðastjóranum í 20 mínútur áður en einhver, fyrir tilviljun, las hana, mat hana mikilvæga og kannaði áreiðanleika hennar.

Eftir það liðu 10 mínútur í viðbót og þá var KRIPOS, sérdeild norsku lögreglunnar um skipulagða og aðra alvarlega glæpastarfsemi, beðin um að senda út tilkynningu á landsvísu og það liðu 30 mínútur til viðbótar þar til KRIPOS sendi út slíka tilkynningu.

**Ábyrgir**
Lögreglan í Osló, KRIPOS. Jafnframt bendir nefndin á að fjarskiptamiðstöðvar um allt land séu undirmannaðar.

### *Lögreglan gat ekki nýtt sér greinargóða lýsingu vitnisins á Breivik*

**Þess vegna er það gagnrýnivert**
Ábendingin kom fram mjög fljótlega eftir atburðinn í Osló.

Nefndin bendir á ýmsa þætti, m.a. að lögreglan hafi ekki náð að framfylgja sínum eigin viðbragðsáætlunum eða hinni sérstöku hryðju- og skemmdarverkaviðbragðsáætlun sem gerir ráð fyrir ýmsum viðbrögðum sem grípa skal til jafnvel þó að yfirsýn skorti um aðsteðjandi ógnir. Í dæmaskyni má nefna:

- aðgerðir sem miða að því að kalla inn viðbótarmannskap.
- aðgerðir sem hafa að markmiði að gera hryðjuverkamönnum erfiðara um vik að færa sig á milli staða ef um fleiri skotmörk er að ræða, svo sem með því að setja upp stöðvanir eða „pósta“.
- aðgerðir sem miða að því að vernda einstaklinga, byggingar og tiltekin svæði gegn hryðjuverkaárásum.

Til viðbótar þessu var mönnun fjarskiptamiðstöðvar í lágmarki og miðlægar lykil einingar skorti yfirsýn yfir eigin starfsmenn.

Vettvangsstjóra fannst sem hann hefði of fáa menn til ráðstöfunar. Aðgerðarstjóra fannst að sá mannskapur sem hann hafði til umráða væri nægur. Hvorugur hafði þó, að mati nefndarinnar, fullnægjandi yfirsýn yfir þann mannskap sem þeir höfðu.

**Ábyrgir**
Skýrslan bendir ekki á aðra en lögregluna í Osló.

### *Eftir sprengjuárásina í Osló fluttu mörg ráðuneyti í starfsaðstöðu sem ekki var talin nægjanlega örugg*

**Þess vegna er það gagnrýnivert**
Nefndin gagnrýnir mörg ráðuneyti fyrir að hafa ekki fylgt tilmælum sérfræðinga varðandi öryggismál vegna þeirra bygginga sem flutt var í eftir árásina í Osló.

- Sérfræðingarnir settu sig í samband við skrifstofu forsætisráðherra með góðum fyrirvara og buðu fram aðstoð sína vegna fyrirsjáanlegs flutnings í nýja starfsaðstöðu. Þetta var nánast ekkert nýtt við flutningana.
- Sérfræðingarnir settu fram ýmis ráð til að tryggja öryggi fólks vegna ástands bygginganna sem skemmdust í sprengingunum en þeim ráðum var einnig lítið fylgt.
- Sérfræðingarnir benda á að húsnæði sem þeir beinlínis lögðust gegn að flutt yrði í var valið af ráðuneytunum og öryggissjónarmiðum vikið til hliðar.
# Þing *Íþróttasambands lögreglumanna 2012*

**Þingið fór fram laugardaginn 5. maí sl. í fundarsal LR í Brautarholti. Rétt til þingsetu áttu 29 þingfulltúar frá 12 íþróttafélögum/nefndum sem aðild eiga að ÍSL. Til þingsins mættu 17 fulltrúar frá 8 íþróttafélögum/nefndum. Að auki mætti fulltrúi frá Sérstökum saksóknara sem áheyrnarfulltrúi en þar er unnið að stofnun íþróttanefndar. Þá voru flestir stjórnarmenn ÍSL mættir. Stjórn ÍSL bauð Helga Daníelssyni fyrsta formanni ÍSL að sækja þingið og gerði hann það. Það var mjög ánægjulegt að hann skyldi geta mætt. Þingforseti var Steinar Adolfsson framkvæmdastjóri LL og þingritari Ásmundur Kr. Ásmundsson frá RLS.**



*Tveir af Skaganum, Helgi Daníelsson og Steinar Adolfs*




*Formaður ÍSL í ræðustól*

Í skýrslu stjórnar fór formaðurinn yfir starfið síðustu tvö árin en þar bar hæst Norðurlandamót lögreglumanna í knattspyrnu sem fram fór á Sauðárkróki í júní 2011, en þangað mættu 5 karlalið og 4 kvennalið eða um 150 norrænir frændur okkar, auk karlaliðs frá okkur. Mótið kostaði okkur nettó um 6 milljónir kr. sem var vel sloppið en í upphafi undirbúnings var reiknað með um 9 milljóna króna Kostnaði. Fram kom að stjórnin hefði ákveðið að leggja 6 milljónir í varasjóð en fjárhagur sambandsins er mjög góður þrátt fyrir mótshald á NPM í knattspyrnu á Sauðárkróki 2011 og þing Norræna lögregluíþróttasambandsins, NPIF, í Vestmannaeyjum í maí 2011. Í árslok 2011 var eiginfjárstaðan jákvæð um rúmlega 11 milljónir. ÍSL var stofnað 1982 og á því 30 ára afmæli á þessu ári. Formaður skýrði frá því að stjórnin hefði ákveðið að minnast þess með þeim hætti að mælast til þess við aðildarfélögin/nefndirnar að þau hefðu uppákomur heima í héraði og fengju til þess styrki frá ÍSL. Auk þess hefði verið látið útbúa könnur með merki ÍSL og ártölunum 1982 – 2012 og einnig barmmerki með því sama.

Ákveðið var að innheimta ekki gjöld af aðildarfélögum/nefndum næstu tvö árin vegna góðrar fjárhagsstöðu ÍSL.

Engin sérstök mál lágu fyrir þinginu. Stjórnin var síðan endurkjörin óbreytt. Óskar Bjartmarz formaður. Aðrir í stjórn: Guðmundur St. Sigmundsson, Gissur Guðmundsson, Óskar Sigurpálsson, Arinbjörn Snorrason, Jón S. Ólason, Hafdís Albertsdóttir, Friðrik K. Jónsson, Hálfdán Daðason, Kristján Freyr Geirsson og Jóhann Karl Þórisson.

*Óskar Bjartmarz*
*formaður ÍSL*

TVG-ZIMSEN
FLUTNINGSMIÐLUN

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Veðurstofa Íslands
Veðursíminn: 902 06 00
www.vedur.is



# Afmæli *ÍSL 1982 – 2012*

**Íþróttasamband lögreglumanna, ÍSL, á 30 ára afmæli á þessu ári, en það var stofnað í húskynnum RLR í Auðbrekku 3. maí 1982. Stjórn ÍSL ákvað að minnast afmælisins m.a. með því að fá aðildarfélögin/nefndirnar til að hafa uppákomur heima í héraði. Íþróttafélag lögreglunnar á Akureyri var fyrst til að halda slíka uppákomu en hér á eftir fer frásögn heimamanna af henni. Íþróttafélag lögreglunnar í Reykjavík ætlaði að halda fjölskyldusamkomu við lögreglustöðina í maí með „skólahreystisbraut" en vegna slæmrar veðurspár var því frestað og verður í haust. Hófi sem var boðað til í þessu sambandi var ekki frestað og fylgja nokkrar myndir úr því.**



*Gissur, Kristján og Gísli á góðri stundu*



*Gestir horfa á myndasýningu*

24. maí 2012. Í tilefni af 30 ára afmæli Íþróttasambands lögreglumanna hélt Íþróttafélag lögreglunnar á Akureyri hátíðarskemmtun í samvinnu við ÍSL. Öllum lögreglumönnum á Norðulandi var boðið í heimsókn og voru rúmlega 30 lögreglumenn og eftirlaunaþegar á svæðinu þegar flest var. Dagskráin var einföld, keppni, matur, drykkur og gaman.

Við hittumst á Hömrum við Akureyri þar sem strax var skipt var í 6 þriggja manna lið. Liðin voru 4 frá Akureyri, 1 frá Húsavík og svo voru fangaverðir á Akureyri með eitt lið. Keppt var í sex starfstengdum þrautum sem voru eftirtaldar:

- **Óeirðaþjálfun, tímataka.** Einn liðsmaður klæddur í fullan óeirðagalla með gasgrímu. Hann þurfti að hlaupa eftir fyrirframákveðinni braut sem var bæði á landi og yfir vatni. Klifra þurfti yfir vatn á tveimur köðlum, síðan upp skábraut, yfir brú og í mark. Oft var tvísýnt að menn féllu í vatnið. Mikill sviti og erfiði var fyrir þann sem þurfti að klæðast gallanum.
- **Kappróður, tímataka.** Liðið átti að koma sér um borð í kanó sem var á smá vatni. Sigla yfir vatnið, allir í land og síðan til baka. Hér voru menn brattir með sig í fyrstu ferðunum og voru ýmist klæddir í fullan lögreglubúning eða partýgallann. Þetta endaði frábærlega og komst enginn þurr í mark. Húsvíkingar settu lögreglubúninginn í þvott við mikla kátínu áhorfenda. Síðustu liðin fóru síðan af stað í þrautina á brókinni.
- **Reiðhjólaþraut.** Sett var upp braut og reiðhjól lögreglunnar stigin til að komast í gegnum hana. Þrautin var að komast í gegnum brautina á sem lengstum tíma. Fyrir hverja dettu eða niðurstig var refsað grimmt.
- **Spítuþraut.** Liðið þurfti að vinna vel saman til að reisa stöng, sem lá á jörðinni, án þess þó að snerta hana með neinu öðru en böndum úr ákveðinni fjarlægð. Gert hafði verið ráð fyrir að þetta tæki langan tíma en öll liðin sýndu hve einstaklega vel þau gátu unnið saman og voru enga stund að leysa þrautina.
- **Skíðaganga.** Hér þurftu allir að binda sig á sömu skíðin og þramma um þúfur og sinu, margir rennblautir eftir volkið á kanóunum.
- **Spilaþraut.** Hér reyndi á hve vel menn geta tekið fyrirmælum. Búið var að dreifa spilastokk á tún. Bundið var fyrir augun á keppendum, nema einum í hverju liði sem fékk það hlutverk að vísa sínum mönnum að næsta spili og svo til baka til að skila því inn. Þetta gekk ótrúlega stórslysalaust.



*Hemmi Karls ásamt aðstoðarmönnum - með skipulagið á hreinu!*

Nokkrir þurftu að bregða sér heim til að ná sér í þurr föt, skella símunum í þurrk og fleira. Að lokum var borðaður taílenskur matur og var göróttur drykkur með. Menn skemmtu sér fram eftir kvöldi og allir fóru sáttir heim. Frábært framtak hjá ÍSL og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

*Með íþróttakveðju,*
*Jón Kristinn Valdimarsson /*
*Kári Erlingsson í stjórn ÍLA*



*Kappróðurskeppnin vakti mikla kátínu, jafnt meðal þátttakenda sem áhorfenda!*



*Óeirðaþrautin ógurlega!*

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Siglfirðingur hf.
Gránugötu 5

## Akureyri

Ásbyrgi - Flóra ehf.
Frostagötu 2a
Bakaríið við Brúnna
Gleráreyrum 2
Bílapartasalan
Austurhlíð,Eyjafirði
Bílasalan Ós ehf.
Óseyri 5a
Bjarg líkamsræktarstöð
Bugðusíðu 1
Blikkrás ehf.
Óseyri 16
Bæjarverk hf.
Rauðamýri 11
Car X
Njarðarnes 8
Ekill ehf - www.ekill.is
Goðanes 8 -10
Fasteignasalan Holt ehf
Strandgötu 13
Fótaaðgerða- og snyrtistofa
Eddu
Víðilundi 22
Garðyrkjustöðin Brúnalaug
Eyjafjarðarsveit
HG Verktaki ehf.
Höfðahlíð 15
Húsbílar ehf.
Njarðarnesi 2
Höldur ehf.- Bílaleiga
Akureyrar
Tryggvabraut 12
India Karry kofi ehf.
Þórunnarstræti 112
J.M.J. herrafataverslun
Gránufélagsgötu 4
Jökla ehf. - flugkaffi
Möðruvallastræti 9
Kaffi Torg ehf.
Tungusíðu 24
Kælismiðjan Frost ehf.
Fjölnisgötu 4b
Litblær ehf.
Stapasíðu 11b
Ljósgjafinn ehf.
Glerárgötu 34
Lostæti ehf.
Naustatanga 1 box 234
Lögmannsstofa Akureyrar ehf.
Glerárgötu 24
Lögmannsstofa Hreins
Pálssonar hrl.
Hofsbót 4
Lögmannsstofan
Lögmannshlíð
Glerárgötu 36
Malbikun KM
Vörðutún 4
Málningarmiðstöðin ehf.
Óseyri 10 - P.box 273
Meðferðarheimilið Laugalandi
Arnarsíðu 7
Miðstöð ehf.
Draupnisgötu 3g
Netkerfi og tölvur ehf.
Steinahlíð 7c
Norðurmynd ehf.
Hafnarstræti 90
Offsetstofan
Box 118
Pípulagningarþjón Ásgeirs ehf.
Eikarlundi 29
Raf ehf.
Óseyri 6
Rafeyri ehf.
Norðurtanga 5
Rafmenn ehf.
Frostagötu 66
Raftákn ehf.
Glerárgötu 34
Rakara- og hárstofan Kaupangi
Kaupvangi v/Mýrarveg
Sjómannablaðið Víkingur
Byggðarvegur 101b
Sjúkrahúsið á Akureyri
Eyrarlandsvegi
Steypustöð Akureyrar ehf.
Sunnuhlíð 4
Straumrás ehf.
Furuvöllum 3
Sveitahótelið ehf.
Sveinbjarnagerði 2
Trésmiðjan Fjölnir hf.
Fjölnisgötu 2b
Útfararþjónusta kirkjugarða
Akureyrar ehf.
Höfða v/ Þórunnarstræti
Útrás hf.
Box 37
Útrás hf.
Box 37
Verkstjórafélag Akureyrar og
nágrennis
Furuvöllum 13 - 2.hæð
Vélfag ehf.
Njarðarnesi 2

## Dalvík

Hýbýlamálun
Reynihólar 4
Klaufi ehf.
Klaufabrekkum
Kussungur ehf.
Ásvegi 3
Lögreglufélag Eyjafjarðar bt/
Grétars Vilhelmssonar
Gunnarsbraut 4
Miðlarinn ehf
Bjarkarbraut 9
Salka Fiskmiðlun hf.
Ráðhúsinu
Sparisjóður Svarfdæla
Ráðhúsinu
Steypustöðin Dalvík ehf.
Sandskeið 27
Ulla May V Rögnvaldsson
Syðri-Haga
Ævar og Bóas ehf.
Sandskeiði 14

## Ólafsfjörður

Sjómannafélag Ólafsfjarðar
Brekkugötu 9

## Hrísey

Hvatastaðir ehf. Eingrunarstöð
Gæludýra Hrísey
Austurvegi 8

## Húsavík

Fjallasýn
- Rúnars Óskarssonar ehf.
Hrísateigi 5
Heiðarbær veitingar sf.
Reykjahverfi
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga
Auðbrekku 4
Hóll ehf.
Höfða 11
Hvalasafnið á Húsavík
Hafnarstekk 1
Jarðverk ehf
Birkimel
Kiðagil ehf.
Bárðardal
Norðursigling ehf.
Hafnarstétt 9
Sýslumaðurinn á Húsavík
Útgarði 1
Trésmiðjan Rein ehf.
Rein
Vermir sf.
Stórholti 9
Vélaverkstæðið Árteigi
Árteigi - Þingeyjasveit
Víkursmíði ehf.
Laugarholti 7d

## Reykjahlíð

Dimmuborgir guesthouse
Geiteyjarströnd 1
Fjalladýrð
Möðrudal
Hlíð ferðaþjónusta
Mývatnssveit
Mývatnsstofa ehf.
Hraunvegur 8

## Kópasker

Borgartangi ehf.
Boðagerði 13
Búðin Kópaskeri ehf.
Bakkagötu 10

## Þórshöfn

B.J. Vinnuvélar ehf.
Hálsvegi 4
Dalá ehf..
Laugarnesvegi 22
Geir ehf.
Sunnuvegi 3
Langanesbyggð
Fjarðarvegi 3
Trésmiðjan Brú
Brúarlandi 2

## Vopnafjörður

Blikar ehf.
Hafnarbyggð 19

## Egilsstaðir

Á hreindýraslóðum
Skjöldólfsstöðum
Bílaboginn
Smiðjusel 5
Bílamálun Egilsstöðum ehf.
Fagradalsbraut 21-23
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf.
Miðvangi 2-4
Bólholt ehf.
Lagarfelli 10
Fellabakarí
Lagarfelli 4
Fljótsdalshérað
Lyngási 12
G. Ármannsson ehf.
Ártröð 12
Gistihúsið Egilsstöðum
Egilsstöðum 1
Glussi ehf
Miðvangi 37
Grái hundurinn ehf
- www.hotel701.is
Hjalla, Hallormsstað
Héraðsprent ehf.
Miðvangi 1
Hitaveita Egilsstaða og Fella
Einhleypingi 1
Miðás hf.
Miðási 9
Minjasafn Austurlands
Laufskógum 1
Ormsson Vík
Miðvangi 13
PV-pípulagnir ehf.
Lagarbraut 4
Rafey ehf.
Miðási 11
Skrifstofuþjón. Austurlands ehf.
Fagradalsbraut 11
Snyrtistofan Alda
Tjarnarbraut 19
Sænautasel ehf.
Merki
Tindaberg ehf.
Randabergi v/Eiðaveg
Þ.S. Verktakar ehf.
Miðási 8-10
Ökuskóli Austurlands
Lagarfelli 11

## Seyðisfjörður

Austfar ehf.
Fjarðargötu 8
Hótel Aldan
Norðurgötu 2
Seyðisfjarðarkaupstaður
Hafnargötu 44
Skaftfell - Miðstöð myndlistar á
Austurlandi
Austurvegi 42
Stjörnublástur ehf
Fjarðargötu 1
Sýslumaðurinn
á Seyðisfirði
Bjólfsgötu 7

## Reyðarfjörður

Félag opinberra
starfsmanna á Austurlandi
Stekkjabrekku 8
Launafl ehf.
Hrauni 3
Tærgesen ehf.
Búðargata 4
Þvottabjörn ehf.
Búðareyri 25

## Eskifjörður

Egersund Ísland ehf.
Hafnargötu 2
Eskja hf.
Strandgötu 39
Fjarðaþrif ehf.
Kirkjustíg 2
Kría veitingasala ehf.
Skammadal 2

## Neskaupstaður

Fjarðalagnir ehf.
Nesbakka 14
Hótel Capitano
Hafnarbraut 50
Laufskálinn ehf.
Nesgötu 3
Rafgeisli
Tómas R. Zoëga ehf.
Hafnarbraut 10

## Fáskrúðsfjörður

Jóhannes Jóhannesson
Skólavegi 105
Loðnuvinnslan hf.
Skólavegi 59
Vöggur ehf.
Grímseyri 11

## Stöðvarfjörður

Brekkan
Fjarðarbraut 44

## Breiðdalsvík

Breiðdalshreppur

Hákon Hanson
Ásvegi 31

## Djúpivogur

Djúpavogshreppur
Bakka 1

## Höfn

Ferðaþjónustan Gerði
Gerði og Hrolllaugsstöðum
Ferðaþjónustan Stafafell í Lóni
Í Lóni
Funi ehf. - Sorphreinsun
Ártúni
Hársnyrtistofa Jaspis
Litlu-brú 1
Hornabrauð ehf
Dalbraut 10
Rósaberg ehf.
Háhóli
Skinney - Þinganes hf.
Krossey
Vatnajökull Travel
Bugðuleiru 3
Vélsmiðjan Foss ehf.
Ófeigstanga 15
Þrastarhóll ehf.
Kirkjubraut 10

## Fagurhólsmýri

Ferðaþjónustan Svínafelli
- S: 478 1765
Svínafelli 1, Suðurbæ

## Selfoss

A.B. skálinn ehf.
Gagnheiði 11
Árvirkinn ehf.
Eyravegi 32
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf.
Hrísmýri 3
Bílaþjónusta Péturs ehf.
Vallholti 17
Bílverk BÁ ehf.
Gagnheiði 3
Bjarnabúð
Brautarhóli,Biskupst
Búhnykkur sf.
Stóru-Sandvík 801
Dýralæknaþjónusta
Suðurlands ehf
Stuðlum
Eeskiel ehf.
Borgarbraut 16
Ferðaþjónusta Gullfossi
Brattholt



# Heiðursmerki ÍSL 2012

## Gullmerki

### *Birgir St. Jóhannsson*

lögreglumaður fyrir störf að íþróttamálum lögreglumanna, sem keppnismaður, þjálfari og stjórnarmaður ÍSL. Hann var í liðinu sem varð Evrópumeistari í handknattleik 1984 og þjálfari Norðurlandameistaraliðs ÍSL í handknattleik 2009. Hann var í stjórn ÍSL 1990 - 1994. Hann hefur einnig setið í stjórn ÍFL Reykjavík og tekið þátt í fjölda landsmóta í innanhússknattspyrnu.

### *Egill Bjarnason*

lögreglumaður fyrir störf að íþróttamálum lögreglumanna. Hann var varaformaður stjórnar ÍSL 1994 - 1996 og hefur verið fararstjóri í keppnisferðum á vegum ÍSL. Hann var í skipulags- og framkvæmdanefnd á vegum ÍSL vegna Evrópumótsins í handknattleik sem haldið var á Íslandi 1998 sem og einnig vegna Norðurlandamóts í knattspyrnu sem haldið var á Íslandi 1991. Egill hefur tekið þátt í landsmótum í innanhússknattspyrnu. Þá hefur hann sem yfirmaður í lögreglu stutt íþróttastarfsemi lögreglumanna.

### *Jón S. Ólason*

lögreglumaður fyrir störf að íþróttamálum bæði sem keppandi og stjórnarmaður ÍSL frá árinu 1996. Hann hefur keppt í skotfimi á landsmótum, Norðurlanda- og Evrópumótum. Hann hefur séð um framvæmd fjölda landsmóta í skotfimi. Þá hefur hann sem yfirmaður í lögreglu stutt íþróttastarfsemi lögreglumanna.

### *Kristján Ingi Helgason*

fyrir störf að íþróttamálum lögreglumanna. Hann sat í stjórn ÍSL 1982 – 1990 og þar af sem varaformaður 1984 – 1987. Verið fararstjóri í mörgum keppnisferðum á vegum ÍSL og var meðal annars með árið 1984 þegar við urðum Evrópumeistarar. Hann hefur tekið þátt í fjölda landsmóta í innanhússknattspyrnu.

### *Óskar Sigurpálsson*

lögreglumaður fyrir störf að íþróttamálum bæði sem keppandi og stjórnamaður ÍSL. Hefur setið í stjórn ÍSL frá árinu 2000 sem gjaldkeri. Verið fararstjóri í mörgum keppnisferðum á vegum ÍSL, m.a. verið fararstjóri í öllum ferðum með keppendur á mót Norrænu sakamálabókarinnar fyrir lögregluskólanemendur. Hann var í stjórn ÍFL Reykjavík í mörg ár bæði sem formaður og stjórnarmaður.

### *Valgarður Valgarðsson*

lögreglumaður fyrir störf að íþróttamálum lögreglumanna, sem keppandi og þjálfari. Hann var í liðinu sem varð Evrópumeistari í handknattleik 1984 og þjálfari Norðurlandameistaraliðs ÍSL í handknattleik 2009. Hann hefur einnig verið í stjórn Íþróttafélags lögreglunnar í Hafnarfirði og tekið þátt í fjölda landsmóta í innanhússknattspyrnu og golfi.



***Formaður ÍSl og Björn Bjarnason fyrrverandi ráðherra***

### *Björn Bjarnason*

fyrrverandi dómsmálaráðherra fyrir frábæran stuðning við ÍSL sem dómsmálaráðherra. Gerði samning við ÍSL til 5 ára árið 2006 sem tryggði sambandinu fjárframlag upp á 750.000 kr. árlega. Eftir að þessi samningur rann út hefur hann ekki verið endurnýjaður.

### *Magnús V. Pétursson,*

fyrrverandi dómari og í dag innflutningsaðili á íþróttafatnaði, fyrir framúrskarandi þjónustu við ÍSL, íþróttafélög/nefndir innan ÍSL. Alltaf tilbúinn að aðstoða okkur þegar á hefur þurft að halda. Verið okkur mjög sanngjarn í viðskiptum í gegnum árin.

## Silfurmerki

### *Annel Þorkelsson*

Hefur keppt fyrir hönd ÍSL á NPM-mótum lögreglumanna í golfi sem og í landskeppnum við Frakka og Svía, einnig í eina NBM-mótinu sem haldið var í golfi. Hann er enn að taka þátt í landsmótum ÍSL í golfi. Þá var hann liðtækur knattspyrnumaður og keppti á landsmótum ÍSL í innanhússknattspyrnu.

### *Björgvin Björgvinsson*

Keppti fyrst fyrir hönd lögreglunnar á NPM-mótinu í handknattleik í Kaupmannahöfn



***Formaður ÍSL og Egill Bjarnason***

1974. Hann var þjálfari handknattleiksliðs okkar 1984 þegar við urðum Evrópumeistarar. Einnig þjálfaði hann lið okkar á EPM-mótinu 1988 sem haldið var á Íslandi en þar lentum við í þriðja sæti. Þá var hann þjálfari handknattleiksliðs okkar á NPM-mótum 1986 og 1992. Á mótinu 1986 var hann spilandi þjálfari og spilaði tvo leiki. Hann hefur keppt á fjölda landsmóta í innanhússknattspyrnu.

### *Guðmundur Baldursson*

Keppti fyrst fyrir hönd ÍSL á NPM í handknattleik 1978, þá var hann með á NPM 1982 á Íslandi og NPM í handknattleik 1994. Hann var varamarkvörður í knattspyrnu á NPM 1987 og í leikjum í undanriðli EPM 1998. Þá var hann með á innanhússknattspyrnumóti Norrænu sakamálabókarinnar 2002. Guðmundur hefur tekið þátt í landsmótum í innanhússknattspyrnu frá upphafi 1976 og er enn að. Þá hefur hann tekið þátt í landsmótum í golfi.

### *Hafdís Albertsdóttir*

Keppti fyrir hönd ÍSL á NPM í handknattleik 2006 sem var fyrsta og eina NPM-mótið þar sem við höfum tekið þátt í kvennaflokki. Þá hefur hún verið með á mótum Norrænu sakamálabókarinnar bæði í handknattleik og innanhússknattspyrnu. Samtals leikið 10 leiki. Hún var með í kvennaliði LRH á landsmótinu í innanhússknattspyrnu á Húsavík fyrr á árinu. Hún hefur setið í stjórn ÍSL frá árinu 2006.

### *Hermann Karlsson*

Keppti fyrst fyrir hönd ÍSL á NPM í handknattleik árið 1990. Hann hefur leikið á fjórum NPM-mótum í handknattleik og einu EPM. Þá var hann einnig með á handknattleiksmóti Norrænu sakamálabókarinnar árið 2000. Hann hefur leikið 21 leik fyrir hönd ÍSL. Hermann hefur verið í forsvari fyrir íþróttastarf innan lögreglunnar á Akureyri og tekið þátt í undirbúningi og framkvæmd landsmóta ÍSL sem þar hafa verið haldin.

### *Hilmar Björgvinsson*

Hefur keppt fyrir hönd ÍSL á Norðurlandamótum lögreglumanna í golfi sem og í landskeppnum við Frakka og Svía. Hann er enn að taka þátt í landsmótum ÍSL í golfi. Þá keppti hann á landsmótum ÍSL í innanhússknattspyrnu.

### *Hörður Sigurðsson*

Keppti fyrst fyrir hönd ÍSL 1982 á NPM í handknattleik sem fram fór á Íslandi, hann var með á NPM í knattspyrnu 1983 og EPM í handknattleik árið 1992. Þá hefur hann tekið þátt í NPM í golfi tvisvar sinnum og eina NBM mótinu í golfi sem fram hefur farið. Einnig landskeppnum við Svía og Frakka í golfi. Hann hefur tekið þátt í landsmótum í golfi og innanhússknattspyrnu.

### *Ingibjörg Ásgeirsdóttir*

Hefur tekið þátt í tveimur NPM og tveimur EPM í skotfimi en það fyrsta var EPM árið 1995. Þá tók hún einnig þátt í eina NBM-mótinu í skotfimi árið 2000. Hún hefur tekið þátt í mörgum landsmótum í skotfimi.



*Formaður ÍSL og Hafdís Albertsdóttir*



*Formaður ÍSL og Jónas Hafsteinsson*



*Formaður ÍSL og Kristína Sigurðardóttir*

### *Jón Bragi Arnarson*

Keppti fyrst fyrir hönd ÍSL á NPM í knattspyrnu 1991. Hann hefur tekið þátt í fjórum NPM í knattspyrnu og tveimur í handknattleik og var í liði ÍSL sem tók þátt í undanriðli fyrir EPM árið 1992 í knattspyrnu. Hann var einnig í liði ÍSL sem tók þátt í handknattleiksmóti Norrænu sakamálabókarinnar árið 2004. Jón Bragi hefur leikið 21 leik fyrir hönd ÍSL og hefur tekið þátt í fjölda landsmóta í innanhússknattspyrnu.

### *Kristína Sigurðardóttir*

Hefur tekið þátt í þremur NPM og tveimur EPM í skotfimi en það fyrsta var EPM árið 1995. Þá tók hún einnig þátt í eina NBM-mótinu í skotfimi árið 2000. Hún hefur tekið þátt í flestum landsmótum í skotfimi og er enn að.

### *Jónas Hafsteinsson*

Keppti fyrst fyrir hönd ÍSL á EPM í skotfimi árið 1991. Hann hefur keppt á þremur NPM og





*Formaður ÍSL og Birgir Straumfjörð*



*Formaður ÍSL og Sigurgeir Arnþórsson*



*Formaður ÍSL og Runólfur Þórhallsson*

þremur EPM í skotfimi og einnig eina NBM-mótinu í skotfimi. Hann hefur tekið þátt í nær öllum landsmótum í skotfimi og verið sigursæll á þeim. Hann er enn að taka þátt í landsmótum.

### *Runólfur Þórhallsson*

Keppti fyrst fyrir hönd ÍSL á NPM í knattspyrnu 1995, hann hefur verið með á þremur NPM í knattspyrnu og einu NPM í handknattleik. Þá var hann með á báðum handknattleiksmótum Norrænu sakamálabókarinnar. Hann á samtals 15 leiki fyrir hönd ÍSL. Runólfur hefur tekið þátt í landsmótum ÍSL í innanhússknattspyrnu og er enn að þegar heilsan leyfir.

### *Sigurður Pétursson*

Keppti fyrst fyrir hönd ÍSL í landskeppni við Svía í golfi árið 1990. Hann hefur einnig tekið þátt í þremur NPM-mótum í golfi og varð Norðurlandameistari árið 2002 í Reykjavík. Þá tók hann þátt í eina NBM-mótinu í golfi og var með í einni landskeppni við Frakka. Sigurður hefur tekið þátt í mörgum landsmótum ÍSL í golfi og einnig í innanhússknattspyrnu.

### *Sigurgeir Arnþórsson*

Keppti fyrst fyrir hönd ÍSL á NPM í skotfimi árið 1993. Hann hefur tekið þátt í fjórum NPM-mótum í skotfimi og þremur EPM-mótum. Hefur tekið þátt í fjölda landsmóta í skotfimi og er enn að.

### *Þorsteinn Steingrímsson*

Keppti fyrst fyrir hönd ÍSL 1995 og tók þátt í tveimur landskeppnum við Frakka í golfi. Þorsteinn hefur tekið þátt í nær öllum landsmótum í golfi frá upphafi og er enn að.

## *Bronsmerki*

### *Andri Fannar Helgason*

Hefur leikið 11 leiki í knattspyrnu fyrir hönd ÍSL á tveimur NPM-mótum og innanhússknattspyrnumóti sakamálabókarinnar. Hann er markmaður og t.d. var hann tvisvar valinn besti leikmaður í leikjum á Norðurlandamótinu á Sauðárkróki á síðasta ári. Þá hefur hann tekið þátt í landsmótum í innanhússknattspyrnu og golfi.

### *Jóhann Örn Guðbrandsson*

Hefur leikið 7 leiki fyrir hönd ÍSL á tveimur NPM-mótum í knattspyrnu og keppt í þríþraut á lögregluskólamóti Norrænu sakamálabókarinnar. Hann hefur tekið þátt í landsmótum ÍSL í innanhússknattspyrnu.

### *Ólafur Jónsson*

Hefur leikið 8 leiki fyrir hönd ÍSL á tveimur NPM-mótum í innanhússknattspyrnu og 4 leiki á innanhússknattspyrnumóti Norrænu sakamálabókarinnar. Hann hefur tekið þátt í landsmótum ÍSL í innanhússknattspyrnu.

### *Páll Briem Magnússon*

Hefur leikið 6 leiki fyrir hönd ÍSL á þremur NPM-mótum í handknattleik. Hann hefur tekið þátt í landsmótum ÍSL í innanhússknattspyrnu og golfi.

### *Stefán Vagn Stefánsson*

Hefur leikið 2 leiki fyrir hönd ÍSL á NPM-móti í knattspyrnu. Hann hefur séð um undirbúning og framkvæmd á landsmóti ÍSL í innanhússknattspyrnu. Síðast en ekki síst var hann aðaldriffjöðrin í því að Norðurlandamótið í knattspyrnu fór fram á Sauðárkróki árið 2011. Þar var hann fremstur í flokki við undirbúning og framkvæmd mótsins.

Heiðursmerki voru afhent í lok þings ÍSL í maí en þeir sem ekki komust þangað hafa fengið sín merki afhent við önnur tækifæri.

*Óskar Bjartmarz formaður ÍSL*

# Landsmót *lögreglumanna í golfi 2012*



*Veðurblíðunnar notið á „FlorídaSkaganum“ að lokinni keppni*

**Fór fram 1. ágúst sl. á Garðavelli á Akranesi, en mótshaldið var í umsjá íþróttadeildar Lögreglufélags Akraness. Fór vel á því að landsmótið yrði haldið á Akranesi í ár í tilefni af 30 ára afmæli ÍSL, en Golffélagar RLR héldu einmitt fyrsta landsmót lögreglumanna í golfi 1980 á Akranesi með dyggri aðstoð Péturs St. Jóhannessonar. LFA var því ekkert að bregða út af venjum sínum og fékk Pétur sér til aðstoðar við framkvæmd mótsins.**

Þátttakendur voru heldur betur heppnir með veður meðan á móti stóð og óhætt að segja að við fengjum sannkallað Flórídaveður. Þátttakendur að þessu sinni voru 46 + 3 gestir og keppt var í sjö flokkum með mismunandi leikjafyrirkomulagi. Á meðal þátttakenda voru nokkrir heldri menn sem tóku þátt í mótinu sem var haldið 1980. Þátttakan var með því mesta sem hefur verið en náði þó ekki að verða það fjölmennasta sem þó stefndi í á tímabili.

Pétur St. Jóhannesson sá um að ræsa mannskapinn út (allir á 1. teig) og sá svo um að afhenda verðlaun í mótslok ásamt Óskari Bjartmarz formanni ÍSL. Óskar tilkynnti viöstöddum að næsta landsmót lögreglumanna í golfi yrði haldið á Akureyri að ári liðnu.

Óskar þakkaði LFA fyrir gott mótshald og framlag þeirra til hinna ýmsu móta á liðnum árum. Þá voru nokkrir keppendur sæmdir heiðursmerki ÍSL og er þess getið annars staðar í blaðinu. Að lokum þáðu keppendur súpu og brauð í boði ÍSL.

LFA vill þakka Pétri St. Jóhannessyni fyrir ómetanlega aðstoð.

*Garðar Axelsson og Trausti Freyr*
*íþróttafulltrúar LFA*



*„Besta hollið“, Sigurbjörn, Jóhannes, Marinó og Hilmar*



*Þrír góðir: Helgi, Garðar og og Gunnlaugur*



*Verðlaunahafar í A-flokki, höggleik án forgjafar, ásamt framkvæmdastjóra mótsins*



*A Sveit Suðurnesja, ásamt framkvæmdastjóra mótsins*



*Verðlaunahafar í B-flokki, höggleik án forgjafar, ásamt framkvæmdastjóra mótsins*



*Sveit Akureyrar, ásamt framkvæmdastjóra mótsins*



*Verðlaunahafar í B- flokki, punktakeppni, ásamt framkvæmdastjóra mótsins*



*B sveit Suðurnesja, ásamt framkvæmdastjóra mótsins*



*Verðlaunahafar í C-flokki, punktakeppni, ásamt framkvæmdastjóra mótsins*



*Skipuleggjendur mótsins*



*Verðlaunahafar í öldungaflokki, punktakeppni, ásamt framkvæmdastjóra mótsins*



*Annel Þorkelsson, Hilmar Björgvinsson og Þorsteinn Hilmarsson fengu afhent silfurmerki ÍSL*

# Verðlaunahafar á *Landsmóti lögreglumanna í golfi 2012*

### *A – flokkur – höggleikur án forgjafar*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Sigurbjörn Þorgeirsson | Akureyri | 73 högg |
| 2. | Hörður Sigurðsson | LRH | 80 högg |
| 3. | Marinó Már Magnússon | Suðurnes | 82 högg |

### *A – flokkur – höggleikur með forgjöf*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Hilmar Björgvinsson | Suðurnes | 82 högg |
| 2. | Friðrik K. Jónsson | Suðurnes | 83 högg |
| 3. | Jóhannes Harðarson | Suðurnes | 85 högg |

### *B – flokkur – höggleikur án forgjafar*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Sveinn Ægir Árnason | RLS | 87 högg |
| 2. | Gunnar Björnsson | Suðurnes | 94 högg |
| 3. | Valur Magnússon | Akureyri | 98 högg |

### *B – flokkur – punktakeppni*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Guðbrandur Hansson | LRH | 28 punktar |
| 2. | Vignir Elísson | Suðurnes | 25 punktar |
| 3. | Óskar Þórmundsson | RLS | 24 punktar |

### *C – flokkur – punktakeppni*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Ólafur Hjörtur Ólafsson | Akureyri | 36 punktar |
| 2. | Þórður Halldórsson | LRH | 31 punktur |
| 3. | Hinrik Geir Jónsson | LRH | 27 punktar |
| 4. | Halldór Björn Malmberg | Selfoss | 22 punktar |
| 5. | Hrafn Ásgeirsson | Suðurnes | 21 punktur |

### *D – flokkur – punktakeppni*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Hannes Þór Guðmundsson | LRH | 38 punktar |
| 2. | Ragnar Kristjánsson | Akureyri | 37 punktar |
| 3. | Stefnir Ö Sigmarsson | Akranes | 32 punktar |
| 4. | Arnar Geir Magnússon | Snæfellsnes | 31 punktur |
| 5. | Tómas Árni Ómarsson | Suðurnes | 28 punktar |

### *Öldungaflokkur – höggleikur án forgjafar*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Annel Þorkelsson | Suðurnes | 88 högg |
| 2. | Bogi Nilsson | Öldungur | 95 högg |
| 3. | Börkur Skúlason | Öldungur | 98 högg |

### *Öldungaflokkur – punktakeppni*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Guðmundur St. Sigmundsson | LRH | 33 punktar |
| 2. | Oddur Ólafsson | LRH | 29 punktar |
| 3. | Óskar Þór Sigurðsson | LRH | 21 punktur |

### *Heldrimannaflokkur – punktakeppni*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Garðar Kristjánsson | Heldrimaður | 33 punktar |
| 2. | Gunnlaugur Sigurðsson | Heldrimaður | 24 punktar |
| 3. | Guðlaugur Gíslason | Heldrimaður | 20 punktar |

### *Sveitakeppni*

| | |
|---|---|
| **Suðurnes A sveit** | |
| Marinó Már Magnússon | 82 högg |
| Hilmar Björgvinsson | 84 högg |
| Friðrik K. Jónsson | 87 högg |
| **Samtals** | **253 högg** |
| **Akureyri** | |
| Sigurbjörn Þorgeirsson | 73 högg |
| Ólafur Hjörtur Ólafsson | 94 högg |
| Valur Magnússon | 98 högg |
| **Samtals** | **265 högg** |
| **Suðurnes B sveit** | |
| Jóhannes Harðarson | 82 högg |
| Gunnar Björnsson | 94 högg |
| Vignir Elísson | 95 högg |
| **Samtals** | **281 högg** |

### *Nándarverðlaun*

| | | |
|---|---|---|
| 3. braut | Annel J. Þorkelsson | 290 cm. |
| 8. braut | Guðbrandur Hansson | 284 cm. |
| 14. braut | Vignir Elísson | 270 cm. |
| 18. Braut | Óskar Þórmundsson | 251 cm. |

## Mótalisti: 2012 -2013

| *Landsmót:* | **Umsjón/mótsstaður** | **Dags.** |
|---|---|---|
| Skotfimi | Skotnefnd ÍSL | Október |
| Öldungamót í innanhússknattspyrnu | Sérstakur saksóknari | Október |
| Innanhússknattspyrna | LRH | Mars 2013 |
| Skotfimi | Skotnefnd ÍSL | Maí 2013 |
| Golf | Akureyri | Ágúst 2013 |
| ***Norðurlandamót:*** | | |
| Handknattleikur | Noregur | Maí |
| Skotfimi | Danmörk | 19. – 23. september |
| Golf | Svíþjóð | |
| ***Evrópumót 2013:*** | | |
| Skíði | Sviss | 17. – 22. mars |
| Blak - karla | Þýskaland | 26.05. – 01.06. |
| Körfuknattleikur - karla | Ítalía | 30.09.- 07.10 |
| Blak - kvenna | Tékkland | 14. – 21. október |
| Sund | Úkraína | |
| ***Önnur mót:*** | | |
| World Police Indoor Soccer Tournament | Holland/Eibergen | 8. – 12. október |





# *Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi*

Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi
Austurvegi 38
Fossvélar ehf.
Hellismýri 7
Framsóknarfélag Árnessýslu
Björnskoti, Skeiðum
G.B.bifreiðaþjónustan ehf.
Hlíðarbrún
Garpar ehf.
Reykjakoti 2,
Gesthús Selfoss ehf.
Engjavegi 56
Gljúfurbústaður ehf
Gljúfri
Grímsnes & Grafningshreppur
Borg
Héraðsdómur Suðurlands
Austurvegur 4
Holræsa- og stífluþjónusta suðurlands ehf.
Miðtúni 14
Icecool á Íslandi ehf
Lóurima 12
J.Þ Bílar ehf.
Eyrarvegi 15
J.Þ. Bílar ehf.
Eyrarvegi 15
Jálkur ehf
Önundarholti
Jálkur ehf
Önundarholti
Jeppasmiðjan ehf.
Ljónsstöðum - Árborg
Karl R. Guðmundsson ehf.
Austurvegi 11
Kertasmiðjan ehf.
Blesastöðum 3
Kvenfélag Grímsneshrepps
Eyvík
Litli Jón ehf. (Hrói Höttur)
Austurvegi 22
Múrfag ehf.
Starmói 3
ParaLamp ehf. - Formax ehf.
Gegnishólaparti
Pípulagnir Helga ehf.
Norðurleið 31
Rafmagnsverkstæði Jens og Róberts
Laugarási 1
Rafvélaþjónusta Selfoss ehf.
Eyravegi 32
Renniverkstæði Björns Jenssen
Austurmýri 4
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða
Gagnheiði 35
Sigurður Ágúst ehf.
Tröllahólum 3
Skálholtsstaður
Sýslumaðurinn á Selfossi
Hörðuvöllum 1
Sýslumaðurinn á Selfossi
Hörðuvöllum 1
Veitingastaðurinn Menam ehf.
Eyrarvegi 8
Verkalýðsfélagið Báran - Þór
Austurvegi 56
Verslunin Íris, Kjarnanum
Austurvegi 3-5
Þ.H.blikk ehf.
Gagnheiði 37
Þjónustumiðstöðin Þingvöllum
Þingvöllum
Ölfus ehf.
Eyrarvegi 2

### Hveragerði

Almar bakari
Sunnumörk 2
Bílaverkstæði Jóhanns Garð-arssonar
Austurmörk 13
Eldhestar ehf. - Vellir Ölfusi
Völlum, Ölfusi
Formula 1 ehf
Breiðumörk 25
Heilsustofnun N.L.F.Í.
Grænumörk 10
Hótel Örk - Örkin veitingar
Breiðumörk 1c
Hverabakarí - Mæran
Heiðmörk 35
Kjörís ehf.
Austurmörk 15
Skjólklettur ehf.
Grásteini Ölfusi
Sport-Tæki ehf
Austurmörk 4
Tannlæknastofa Þórðar B. ehf
Breiðumörk 18
Vilhjálmur Roe ehf.
Austurmörk 22

### Þorlákshöfn

Bæjarbókasafn Ölfus
Hafnarbergi 1
Fiskmark ehf.
Hafnarskeiði 21
Frostfiskur ehf.
Hafnarskeiði 6
Ice trucks ehf.
Heimabergi 14
Járnkarlinn ehf.
Hafnarskeið 28
Kjarr ehf.
Kjarri Ölfus
Landsbanki Íslands - Þorlákshöfn
Hafnarbergi 1
SBD.is - Flycase ehf.
Stóragerði Ölfusi
Steinsteypusögun Snæfelds ehf.
Egilsbraut 10
Stokkar og steinar-www.simnet.is/stokkarogsteinar
Árbæ 1 - Ölfusi
Sveitarfélagið Ölfus
Ráðhúsinu Hafnarbergi 1
Völ ehf.
Óseyrarbraut 20

### Stokkseyri

Durinn ehf. - www.durinn.is
Ólafsvöllum 3
Flóð og fjara ehf.
Eyrarbraut 3a

### Laugarvatn

Ásvélar ehf.
Hrísholti 11

### Flúðir

Áhaldahúsið Steðji
Smiðjustíg 2
Ferðaþjónustan Syðra-Langholti
Syðra-Langholti 3
Flúðafiskur
Borgarási
Flúðasveppir ehf.
Undirheimum
Gröfutækni ehf.
Iðjuslóð 1

### Hella

Bílaverkstæðið Rauðalæk ehf.
Lækjarbraut 4
Hestvit ehf.
Árbakka
Kanslarinn ehf.
Dynskálum 10
Pakkhúsið ehf.
Byggingavöruversl.
Suðurlandsvegi 4
Verkalýðsfélag Suðurlands
Suðurlandsvegi 3

### Hvolsvöllur

Árni Valdimarsson
Akri
Búaðföng/bu.is ehf.
Stórólfsvelli
Byggðasafnið Skógum
Rangárrþingi eystra
Eining sf.
Gaularási
Hellishólar ehf. - Fljótshlíð
Hellishólum
Héraðsbókasafn Rangæinga
Vallarbraut 16 Box 20
Lögreglan Hvolsvelli
Hlíðarvegi 16
Rangárþing eystra
Hlíðarvegi 16

### Vík

Gistihúsið Ársalir
Austurvegi 7
Gistihúsin Görðum
Görðum

### Kirkjubæjarklaustur

Hótel Laki
Landbroti
Icelandair Hotel Klaustur
Klausturvegi 6
RKÍ Klausturdeild
Skerjavöllum 9

### Vestmannaeyjar

Alþrif ehf.
Strembugata 12
Bifreiðaverkstæði Muggs
Strandvegi 65 Box 415
Bíla-/vélaverkstæði Harðar og Matta ehf
Básum 3
Bílaverkstæðið Bragginn sf.
Flötum 20
Búhamar ehf.
Vestmannabraut 33
Frár ehf.
Hásteinsvegi 49
Grétar Þórarinsson ehf.
Heiðarvegi 45
Hótel Vestmannaeyjar
Vestmannabraut 28
Ísfélag Vestmannaeyja hf.
Strandvegi 28
Kaffi María ehf. - Brandur ehf.
Skólavegi 1
Karl Kristmanns - umboðs- og heildverslun
Ofanleitisvegi 15-19
RKÍ Vestmanaeyjadeild
Hilmisgötu 11 Arnardrangu
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf.
Kirkjuvegi 23
Trésmíðaverkstæðið Örn hf.
Strandvegi 69
Verslunin Miðbær sf.
Miðstræti 14
Vestmannaeyjahöfn
Básaskersbryggju
Vélaverkstæðið Þór hf.
Norðursundi 9
Vinnslustöðin hf.
Hafnargötu 2
Vöruval ehf.
Vesturvegi 18
Þekkingasetur Vestmannaeyja
Strandvegi 50

VÍNBÚÐIN
Vínekran
Arion banki


Við treystum á þau,
þau treysta á Vodafone
Slysavarnafélagið Landsbjörg reiðir sig á
öruggt og víðtækt fjarskiptakerfi okkar.
Þín ánægja er okkar markmið
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 12-1890
SAMSUNG
STUBAI